

Leyfi útgafið: 20.9.2021

Nr: 2109347

## Afnotaleyfi

**Staðsetning/heiti framkvæmdar:** Akraland – Lagning tveggja lágspennustrengja.

Flokkur 4. Önnur afnot af landi og mannvirkjum sveitarfélagsins

Undirflokkur b) Rof á yfirborði sem ekki krefst lokunar og/eða umferðatakmarkanna - Landafnot eða stöðuheimildir þar sem EKKI þarf að loka götum eða ef gönguleið sem eftir stendur er 1.5.m og ef lögmætt öryggissvæði er óskert.

Tegund: Rafmagn

**Skipulagsdeild Árborgar og Mannvirkja- og umhverfissvið veitir leyfishafa tímabundið og takmarkað leyfi til afnota aflandi sveitarfélagsins til að/fyrir:**

Leggja tvo lágspennustrengi úr nýrri spennistöð við Suðurhóla inn Akraland að götuskáp G141

**Leyfishafi:** RARIK ohf.  
**Kennitala:** 520269-2669

**Sími:**5289000  
**Netfang** [rarik@rarik.is](mailto:rarik@rarik.is)

**Ábyrgðarmaður:** Þórir Tryggvason  
**Kennitala:**

**Sími:** 5289842  
**Netfang:** thotry@rarik.is

*Leyfið er útgafið samanber lýsingu, afstöðumynda/korta og annarra samskipta sem vísað er í í fylgiskjöllum. Við útgáfu þessa leyfis hefur leyfishafi skuldbundið sig til að uppfylla meðfylgjandi skilmála.*

**Gildistími: 21. september – 21. október 2021**

*Ef fyrirséð er að ekki náist að ljúka framkvæmd á tilskildum tíma ber leyfishafa að sækja tímalega um framlengingu.*

**F.h Mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar**



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

**F.h. Skipulagsdeildar Árborgar**



Skipulagsfulltrúi  
Sveitarfélagið Árborg

**Fylgiskjöl**

Uppdráttur og tölvupóstur dags. 16.09. 2021.

## Skilmálar

Afmörkun og lokun á þeim svæðum sem framkvæmdin krefst, skal gerð þannig að merkingar skulu vera í samræmi við gildandi umferðarlög og reglugerðir, merkingar skulu uppfylla kröfur um “Merkingar vinnusvæða”, nýjustu útgáfu, útgefin af Vegagerðinni og Reykjavíkurborg, sjá nánar heimasíðu Vegagerðarinnar

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vinnusvaedamerkingar/>. Að öðru leyti ber leyfishafa að afla annarra tilskilinna leyfa sem varðað geta umsókn hans og leyfisveitingu lögum samkvæmt.

Ábyrgðaraðili tryggir að gangandi vegfarendum stafi ekki hættu af framkvæmdum með því að afmarka gönguleið framhjá framkvæmdastað og fyllsta öryggis verði gætt meðan á framkvæmdum stendur. Tafir á umferð skal haldið í lágmarki og framkvæmdum ljúki á tilsettum tíma.

Leyfishafi er ábyrgur fyrir öllum hugsanlegum skaða sem framkvæmdin kann að valda, gildir þá einu hvort um er að ræða skaða á landi eða mannvirkjum sveitarfélagsins eða gagnvart þriðja aðila. Reynt skal að auka eftir því sem mest má, flatarmál allra stuðningsfóta steypudælu/krana með burðarmiklum plöttum undir hvern fót og jafn - dreifa þannig álagi, enda er takmarkaður sá burður, sem leggja má á varanlegt yfirborð gatna, gangstétta eða annara mannvirkja í landi sveitarfélagsins.

Á framkvæmdasvæði hvíla kvaðir sem leyfishafa ber að haga allri vinnu sinni í einu og öllu samkvæmt lögum og reglum og öðrum skilmálum er um slíkar framkvæmdir gilda. Haft skal fullt samráð við aðila er málið varðar við framkvæmdina s.s. Selfossveitur (jarðstrengur, jarðvegslagnir og ljósastaurar).

Farið er í hvítetna fram á hirðusemi og góða umgengni.

Leyfishafi skal hafa umsjón með svæðinu og nánasta umhverfi þess á afnotatímanum og annast þar m.a. þrifnað, slátt, hálkuvarnir og önnur hlutverk landeiganda.

Tæki og búnaður sem leka olíu eru með öllu bönnuð á svæðinu. Tryggja ber jöfnum höndum að frá vinnusvæði dreifist hvorki rusl eða annað á gangstéttir, götur eða opin svæði í hverfinu. Hreinsa ber svæðið undir og við athafnasvæði reglulega og allt nánasta umhverfi eftir atvikum.

Sveitarfélagið Árborg áskilur sér fullan og ótakmarkaðan rétt til þess að, framkvæma vettvangskönnun á umhverfi framkvæmdar hvenær sem er á framkvæmdatíma. Ef ástand vinnusvæðis verður óviðunandi að mati eftirlitsmanna sveitarfélagsins eða kvartanir berast frá nágrönnum skal fulltrúi leyfishafa þegar boðaður til fundar um úrbættur. Sýnist lögreglu eða landeiganda/vegaldara að um vanmerkingar verði að ræða eða að leyfishafi hafi ekki staðið að framkvæmdum sem skyldi, geta þeir krafist tafarlausra úrbóta eða látið framkvæma úrbættur á kostnað leyfishafa.

Komi fram alvarlegar athugasemdir eða meinbugir á því hvernig heimild þessari er beitt áskilur sveitarfélagið Árborg sér fullann og ótakmarkaðan rétt til að fella heimild þessa úr gildi án frekari fyrirvara.

Tilkynna ber sveitarfélaginu um verklok og óska eftir úttekt á gæðum og frágangi eigi síðar en á lokadegi þessarar heimildar.

Að verktíma loknum skal leyfishafi flytja allan aðfluttan búnað burtu og eftir atvikum óska eftir endurgerð á landi og mannvirkjum. Gera skal við allar skemmdir á grasi, götum og stígum í nánasta umhverfi, sem framkvæmdin kann að valda, þurfi að lagfæra yfirborð, malbik, steypu, hellulögn eða gróið svæði skal slíkt unnið af starfsmönnum Mannvirkja- og

---

*Mannvirkja og umhverfissvið*

umhverfissviðs Árborgar nema samkomulag sé gert um annað. Allur kostnaður við verkið greiðist af leyfishafa.


Óheimilt er að geyma vinnuvélar í aðliggjandi götum, þá er þess óskað að þau tæki, tól og hvað annað sem ekki er verið að nota nema tímabundið, verði ekki geymd á svæðinu eftir að skilgreindri notkunn þeirra þar er lokið.

Leyfishafi skal hafa tilskilin réttindi til merkingar á götum sveitarfélagsins eða fá til þess löggilta aðila.

Leitast skal við að um framkvæmdina myndist sátt og því skulu húseigendur, nágrennar og hlutaðeigandi aðilar verið upplýstir um framkvæmdina.

Leyfishafi er ábyrgur fyrir öllum hugsanlegum skaða sem framkvæmdin kann að valda, gildir þar einu hvort um er að ræða skaða á landi sveitarfélagsins, mannvirkjum sveitarfélagsins eða gagnvart þriðja aðila. Sérstaklega skal gæta að burðarstoðum vinnulyfta/körfubíla, að þær valdi ekki skaða á því undirlagið sem þær hvíla á.

Leyfishafi skal hafa samráð við lögreglu um framkvæmd þessa og tímasetningu hennar.



## Anton Kári Halldórsson

---

**From:** Atli Marel Vokes  
**Sent:** mánudagur, 20. september 2021 14:21  
**To:** Anton Kári Halldórsson  
**Subject:** FW: Akraland -strenglögn  
**Attachments:** Akraland afstaða.pdf

**Categories:** Vistað í OneCRM; 2109347  
**One:** -1

Sæll

Við þurfum að gefa þeim framkvæmdarleyfi í snarhasti þar sem þessi framkvæmd er áætluð í vikunni, getur þú græjað slíkt líkt og þú gerðir varðandi Austurhóla í sumar?

Með kveðju.  
Atli Marel Vokes, sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs  
4801500



Austurvegur 67 – 800 Selfoss – Tel: +354 480 1900 – [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stilaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr. 47.gr. laga nr. 81/2003 er að ræða um fjarskipti.

---

**From:** Þórir Tryggvason <thotry@rarik.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 16. september 2021 16:31  
**To:** Atli Marel Vokes <atli.marel@arborg.is>  
**Cc:** Lárus Einarsson <LarEin@rarik.is>; Hugí Þór Hauksson <hugith@rarik.is>; Kári Rafn Þorbergsson <karith@rarik.is>; steinn5@simnet.is  
**Subject:** Akraland -strenglögn

Sæll Atli

Með vísan í fund okkar í dag, þá hyggst RARIK leggja 2 lágspennustrengi úr nýrri spennistöð við Suðurhóla /Akraland og inn Akralandið að götuskáp G141.

Fyrirhugað er að leggja 2 strengi alla leið. Þar sem þverun er á Suðrhólum myndum við grafa Suðrhóla í sundur og leggja 3 rör í gegn 110mm hvert. (þar af eitt auka)

Lagna leið yrði í grasi næst gangstíg og því er þverun á heimkeyrslum austan megin í Akralandi.

Núna er ég að bíða eftir staðfestingu á lagerstöðu strengsins.

Við stefnum á að þetta verði gert um miðja næstu viku.

Steinn Þórarins er verktakinn á þessu og er hann með í þessum pósti. Hann sér um allar merkingar varðandi lokun Suðrhóla, sem og í Akralandi meðan á vinnu stendur.

Malbikun verður svo lagfærð svo fljótt sem auðið er.

Vinsamlega staðfestu að þetta fyrirkomulag sé samþykkt af hálfu Árborgar.

Með bestu kveðju  
Þórir Tryggvason



**Pórir Tryggvason** | [thotry@rarik.is](mailto:thotry@rarik.is)

Áætlanagerð | Work Planning

Netrekstur Suðurlandi | Distribution South Region

RARIK ohf | Dvergshöfða 2 | 110 Reykjavík | [www.rarik.is](http://www.rarik.is)

Sími | Phone +354 5289000 | +354 5289842

*Innihald þessa skeytis er ætlað skráðum móttakanda einum. Ef þú hefur fengið skeytið vegna mistaka er þér með öllu óheimilt að framsenda eða afrita það.*